



INFLÚENSUBÓLUSETNING STARFSMANNA 2025

Á Landspítala er mælt til þess að allir starfsmenn/verktakar og nemar láti bólusetja sig gegn influensu og er það öllum að kostnaðarlausu.

Stjórnendur geta pantað bóluefni og bólusett starfsfólk á sinni deild, en upplýsingar um pöntun bóluefnis og skráningar hafa verið sendar á alla deildarstjóra.

Starfsmannahjúkrunarfræðingar sjá einnig um bólusetningu samkvæmt eftirfarandi dagskrá:

Dagur	Tími	Staður
Mánudagur 13. október	11:00-12:00	Landakot 1.hæð f. framan lyftuna
Mánudagur 13. október	13:00-14:30	Hringbraut, Twisturinn fyrir framan matsal
Þriðjudagur 14. október	9:30-10:30	Skaftahlíð 24, kaffihjarta 1. Hæð norðurhús
Miðvikudagur 15. október	10:00-10:30	Bugl Göngudeild
Miðvikudagur 15. október	12:30-14:00	Fossvogur, Trölladyngja 5.hæð
Fimmtudagur 16. október	10:00-10:30	Kleppur, Hamborg salur 1.hæð
Fimmtudagur 16. október	13:00-14:00	Hringbraut, Twisturinn fyrir framan matsal
Föstudagur 17. október	10:00-10:30	Veirudeild Ármúla, matsalur
Mánudagur 20. október	13:00-14:00	Fossvogur- Trölladyngja 5.hæð
Þriðjudagur 21. október	13:00-13:30	Eiríksgrata 5, Engey 3.hæð B
Miðvikudagur 22. október	10:00-10:30	Tunguháls, þvottahús kaffistofa
Miðvikudagur 22. október	12:00-13:30	Hringbraut, pallurinn fyrir framan matsalinn
Fimmtudagur 23. október	10:00-10:30	Sjúkraskrár- og skjaladeild Kópavogssgerði
Fimmtudagur 23. október	12:00-13:00	Fossvogur- Trölladyngja 5.hæð
Föstudagur 24. október	10:00-11:00	Skaftahlíð 24, kaffihjarta 1. Hæð norðurhús
Miðvikudagur 29. október	7:30-8:30	Fossvogur við starfsmannainngang fyrir neðan BMT
Miðvikudagur 29. október	12:00-13:00	Hringbraut, pallur fyrir framan matsalinn
Fimmtudagur 30. október	10:00-11:00	Landakot 1.hæð f. framan lyftuna
Föstudagur 31. október	7:30-8:30	Hringbraut, hjá öryggisvörðum sjúkrabílainngangur

Veturinn 2025-2026 verður notast við **Vaxigrip** til bólusetningar gegn árlegri influensu skv. ákvörðun sóttvarnalæknis. Bóluefnið, **Vaxigrip**, er þrígilt og inniheldur vörn gegn influensu A(H1N1 og H3N2) og influensu B(B/Austria/1359417/2021).

Bóluefnið er ræktað í frjónuguðum hæueggjum úr heilbrigðum hænsnahópum. Ekki má nota **Vaxigrip** ef þú ert með ofnæmi fyrir: virku efnunum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (Natríumklóríð, kalíumklóríð, tvínatríumfosfátvíhýdrat, kalíumtvíhýdrógenófosfat og vatn fyrir stungulyf) eða einhverjum leifum sem gætu verið til staðar, svo sem eggjum, eggjahvítu, neómýsini, formaldehýði og októxynóli-9.

**Ef þú ert veik(ur) með háan hita eða bráða sýkingu á að fresta bólusetningu þar til bata er náð.
Vekjum líka athygli á því að það þurfa að liða 3-4 vikur á milli bólusetninga ef þær eru ekki gefnar á sama degi.**

Nánari upplýsingar veita starfsmannahjúkrunarfræðingar á Landspítala í starfsmannahjúkrun@landspitali.is